

Nd.

370. Frumvarp

til laga um vígslubiskupa.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Annar biskups landsins skulu vera hér á landi tveir vígslubiskupar (officiales), annar í Skálhótsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna.

2. gr.

Konuugur skipar vígslubiskupana eftir tillögum prestastéttarinnar í hvoru biskupsdæmi; skulu þeir hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er þeir vígjast, skulu hvorum þeirra greiddar 500 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Annar vígslubiskupanna vígir biskup landsins, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum biskups vígja þeir og presta, hvor í sínu umdæmi. Fyrir biskupsverk, er þeir vinna í forföllum biskups, greiðist þeim úr landssjóði borgun eftir reikningi.